

## 9. gr.

Orkuráð getur haft eftirlit með þeim framkvæmdum sem Orkusjóður veitir fé til. Er skylt að láta fyrir fram í té fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugað verk og gefa ráðinu kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkuráð getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins sem það telur þörf á til að stuðla að sem bestum árangri. Ber að hlýða fyrirmælum þess í þeim efnum. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins ef út af er brugðið og orkuráð óskar þess.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði X. kafla orkulaga, nr. 58/1967, um Orkusjóð. Þá fellur brott 2. mgr. 66. gr. þeirra laga.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Nýtt orkuráð skv. 3. gr. skal taka við stjórn Orkusjóðs við gildistöku laganna.

*Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Finnur Ingólfsson.*

**LÖG****um breytingu á lögum um Landsvirkjun,  
nr. 42/1983, með síðari breytingum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Landsvirkjun er einnig heimilt að stofna og eiga hlut í innlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknar- og þróunarverkefni, þó ekki að taka að sér ráðgjöf eða verktöku í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði hér á landi. Þá er Landsvirkjun heimilt að eiga aðild að innlendum fyrirtækjum sem annast framleiðslu, flutning, dreifingu eða sölu orku.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Finnur Ingólfsson.*